

Sp.

1121. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til stækkunar gistihússins við Geysi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 200 þús. króna lán, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, fyrir Sigurð Greipsson í Haukadal til þess að stækka gistihúsið við Geysi.

Greinargerð.

Undanfarandi sumur hefur ferðamannastraumurinn til Gullfoss og Geysis aukizt jafnt og þétt. Á þessum slóðum er aðeins gistihús við Geysi. Sá húsakostur er þó allt of lítill til þess, að unnt sé að sinna gestum eins og gestgjafahjónin, Sigurður Greipsson og kona hans, kysu helzt.

Sakir hinnar miklu nauðsynjar á stækkun gistihússins hefur Sigurður í hyggju að reisa stóra viðbótarbyggingu á komandi vori. Slík bygging kostar mikið fé, og verður ekki hjá því komizt fyrir eiganda hennar að taka stórlán til þeirra framkvæmda.

Sigurður Greipsson hefur óskað þess, að við flyttum þetta mál nú í þinginu, og þar sem hér er um mikið og gagnlegt nauðsynjamál að ræða, vonum við, að Alþingi bregðist vel við þessari málaleitan hans.